



-Maurice Peterson, New York: USA

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árþúsunds með fingerðum stíl og tilfinningaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungid töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.

Ævintýraljóð

Birgitta Jónsdóttir



Ævintýraljóð

Birgitta Jónsdóttir

Birgitta Jónsdóttir

Ævintýraljóð

Æviágríp

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlandis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dag-blöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígíeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

Beyond Borders
Smákverasafn #6



Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is

Bárður

Í miðju jökuls
býr gamall andi er Bárður nefnist.
Hann eys af þekkingu sinni
til þeirra
sem kunna listina að
hlusta.

Bárður býr í miklum helli
í félagsskap snjódísa og ljósálfa.
Þegar vel liggur á honum
endursendist gleðin í
svartnættið.
Norðurljós.

Þegar sinnið er þungt og myrkurt
endursendist þykkjan
í morgunbirtuna.
Sortnar fyrir sólu.

Þegar Bárði leiðist
hin merka tilvera sín,
bregður hann á leik
með vatnadísunum.
Þær kitla hann með dansi sínum,
syngja tærum röddum
hnýta sefkransa
hvísla gleðinið
í hjarta hans.

Bárður hefur leikið
við vatnadísirnar í þúsund ár.
Gleymt eilífleika andartaksins.
Funduð kaluð hjartað bráðna
þekkinguna þrjóta.
Elskað forneskju sína.



Ævintýraljóð

Ástar engill á skýja hnoðra

Ég horfi á heiðbláan himin
sunna gyllir tré og menn.
Vindur setur stút á munn
kastar til skýjahnoðrum.

Á búlduleitum skýjum
sitja alhvítir englar.
Þeir móta kynjamyndir
í hnoðrana.

Á þybbnasta skýinu situr Amor.
Hann er bogadreginn.
Varirnar þrýstnar og augun marglit.
Hann brosir kankvís
og hoppar niður á rjótt þak.

Amor er vopnaður örvum
sem bera fugla í stað odda.
Þeir stinga sér í
lömuð og litlaus hjörtu.
Afvegaleiða þau í
gleðivímu á meðan
hverdagsleikinn siglir
hjá á grámyglulegu skýi.

Yggldur á brá.

Ævintýraljóðið



Langt inni í fjallinu
fela ævintýrin sig.
Þau eru allskonar
í laginu og á litinn.

Til að laða ævintýri
inn í lífsmunstur
þarf maður bara að loka augunum
og biðja þau um koma.

Einnig er hægt að labba út á götu
með galopið sinni
og ímynda sér að
maður sé gegnsær.
Þá blæs vindurinn
í gegnum mann
en ekki á móti.

Það er líka hægt að ímynda sér að
það séu ofurlitlir vængir á bakinu
og alltaf þegar maður tekur nýtt skref
dúar maður ofurlítið.

Langbestu ævintýrin eru þannig
að þau laumast til þín
og verða hluti af veruleikanum
án þess þó að þú takir eftir því
fyrir en þú finnur þig skyndilega
í miðju þess.



Eyðimörk athafnaleysis

Taki ég ekki á sprett

í athafna ævintýri

færist eyðimörk athafnaleysis

inn í atgervi mitt.

Sálin verður þurrblásin,

lífvana.

Hugarflugið jafn tígulegt

og fljúgandi hænsni.

Hin óþekkta athöfn

yllir skynið kraftmiklum myndum.

Vatn sköpunar streymir um huga minn,

vökvar áður þornaðar myndir

ferskum hugmyndum.

Skógurinn

Þegar huldufólkið var sofnað
læddumst við inn í skóginn.

Við skárum nöfn okkar
í stærsta tréð.

Það var niðadimmt
því sáum við ekki að það var að deyja.
Ræturnar morknaðar.

Greinarnar hófu sig
ekki lengur mót himni
heldur héngu niðurlútar.

Við skárum und í lófa okkar.
Blönduðum blóði okkar
sem varð að þunnri húð.
Storknaði í sári trésins.

Blinduð í glýju heitstrenginga
byggðum við fallegar draumaborgir
úr efniviði hverfulleikans.

Þegar þeir hrundu
vaknaði skógurinn.

Álfadrottningin kom til mín
með rúnum ristan hring.

Hann sá bana ekki.

Hún smeygði honum
á vísifingur minn.

Augu hennar brostu breytingum.

Svefnenglar

Í orðavef er þróttlítill þögn.

Hann sefur.

Hann er fallegur

með draumlausan svip.

Kyrrð.

Draumheimar taka yfir.

Svartir riddarar úr undirheimum

þeysa yfir ásjónu hans.

Ég reyni að vekja hann.

En hann vaknar ekki.

Loftið er þrungið órólegri kyrrð.

Hann leysist upp í öreindir.

Er allsstaðar.

Við erum

svefnenglar

ráfum um akurinn

tínum upp það

sem við sáðum

í draumunum.

Eða var það draumurinn

sem sáði okkur

í lífsins akur?

Draumur

Ég flýg um loftið

og horfi á einkennilega lengju af húsum

sem öll standa á örmjóum tanga

mitt í hafinu.

Öldufaldur sleikir gluggana.

Þarna búa einungis

ævaforðir karlar

sem þrjóna töfrapeysur

í frístundum sínum.

Peysurnar eru gæddar þeim eiginleikum

að fari maður í þær

verður maður

eins forn í sinni og karlarnir.

Hættir að hafa áhyggjur

og efasemdir.

Maður er bara finlegur

gamall karl

með lipra fingur

og snerpu fyrir

ártogum.

Núna er enginn í þorpinu

karlarnir allir

á miðunum.

Ég hef misst vængina

og sest í knerri.

Öldufaldurinn

sleikir kinnar mínar

meðan ég ræ

út í óræðna þokuna.

Ein á knerri þess

elsta af öldruðum.

Við þetta vakna ég

enn með saltstrokar kinnar

og blæ við.

Held út í lífið

með draumana sem

salt í bragðlausu tilveruna.

Leður blöku konan

UM FÖLAR VARIR

LEIKUR TVÍRÆTT

OG BJÓÐANDI BROS

ATGERVI HENNAR

ER SLEIPT LEÐUR

BRENNANDI AUGU

Í LÍKAMA HENNAR

LEMUR TAKTUR DYR

HREYFINGA

HÚN STÍGUR ÚT Á ELDGÓLFID

FÆTURNIR ERU KRÍUVÆNGIR

HÚN ER LEÐURBLAKA

MEÐ ODDHVÖSSUM TÖNNUM

NARTAR HÚN Í HÁLS

BLÁEYGDRA MANNA

HÚN ER LEÐURKONA

KÖLD OG STÍF

Á YFIRBORDINU

EN UNDIR NIÐRI

HEIT OG MJÚK

Tré

Þau standa við húsið
í dvala eða blóma.

Þau geyma minni
árstíða og ásta
harmleikja og hláturs.

Trén sveipa garðinn
kynlegum skuggum.
Anda grænu
í grá húsin.

Þau bogna ekki
heldur gildna
verða reistari
sem árunum fjölgar.

Þau laga sig
þungum vindinum
hvort sem hann
blási á með eða á móti.

Vindur feykir frjókornum
í harðgerðan svörð.

Nokkur flögra inn um gluggann
skjóta rótum í hjarta mínu.

Draumadalur

Það rignir í hugann
þokubólstrar og
stormur á stöku stað

Það rignir fortíð
mistur hylur hið ókomna
Stormur æðir um andartakið

Það kemur fyrir að hugurinn
reikar inn í friðsælan dal
og tíðanna veður hverfa
Þar stendur tíminn kyrr

Litur þagnar
það eina sem andar

Ferðalag inn í logann

Vinalegur kertalogi
dansar við höfuðgaflinn
Úti hvísla
reikistjörnur og sólar

Skringilegar sögur birtast
er svefn sækir að

Í tímans skauti situr Gyðjan
Klæði hennar ofin
úr lifandi silkiormum
Augun stundaglös

Ég kyssi þau
með mjúkum lifandi orðum
Sandurinn rennur um æðar mínar
uns morgunskíman laumast inn

Vaxið perlar eins og morgundögg
á mörkum draumhimnu og andvöku



Kameljónið I

Ég er örlaganorn
 án spunastokks.
Ég er hermaður
 með mjúkt hjarta.
Ég er útigangskerling
 með snigilhús á bakinu.
Ég er flugmaður
 án vængja.
Ég er geimálfur
 á plánetunni Jörð.

Ég er hóra
 hugrenninga þinna.
Ég er gyðja sem rís upp
 úr freyðandi hafinu
í skel drauma þinna.

Ég er kameljónið
 blandast myndinni
 jafn átakalaust og
ferskvatnsdropi
í saltvatn.



Kameljónið II

I
Umhverfi
Litur orða þinna
liðast um líkama minn.
Ég renn inn í umhverfið.

Ekkert afhjúpar frábrigðisleika
 nema litur augans.

Ég forma hugsanir
svo þær flæði ekki út
í andhverfu sinni.
Bros mitt einlægt
svo enginn gruni mig
 um stílbrot.

II
Litur minn
Þegar ég er ein.
Fjarri sogkrafti
annarra.

Þá bregð ég upp
 litum mínum.



G r ó ð u r h ú s f r a m a n d l e i k a n s

Hugsanir flæða
ný og framandi andlit
lita auga mitt.

Vængjasláttur og þytur
í villtum trjám.
Ævintýraskógur hugans.

Í miðju hans sitja
andstæðurnar
við sama borð
og kappræða.

Það suðar sem syngi kór
af feitum fiskiflugum.

Ég bragða á forboðnum
ávöxtum sem vaxa
í gróðurhúsi framandleikans.

Ný og sætari brögð.
Ný og flæktari viðbrögð.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders

552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer